

lýsa því yfir, eftir að fyrirtækið var stofnað og þar til hann seldi það, að stefnandi máls þessa væri meðeigandi hans að jöfnu, en hins vegar hafi Vigfús sagzt hafa lagt meira fé til fyrirtækisins heldur en Ingimundur og hafi Ingimundur eða fyrirtækið átt að endurgreiða það. Vitnið Vigfús Jónsson hefur viðurkennt, að vel geti verið, að hann hafi hagað þannig orðum við Jón Sveinsson, að Ingimundur væri meðeigandi hans, fyrst framan af, þegar hann bjóst við, að Ingimundur yrði meðeigandi.

Af hálfu stefnanda hefur verið gerð sú krafa, að vitnið Jón Sveinsson staðfesti skýrslu sína með eiði, en umboðsmaður stefndu hefur mótmælt því, að hann fengi það vegna hagsmunaaafstöðu sinnar til málsins. Lögðu umboðsmenn aðilja atriði þetta í úrskurð á bæjarþingi 12. þ. m.

Það er upplýst, að málflutningsmaður stefnanda og vitnið reka málflutningsskrifstofu í félagi. Þykja þó hagsmunir vitnisins af máli þessu ekki það verulegir né afstaða vitnisins til málsins slík, að heimilt sé samkvæmt 127. gr. sbr. 125. gr. einkamálalaganna að synja kröfu stefnanda um, að vitnið fái að staðfesta skýrslu sína.

Því úrskurðast:

Vitninu Jóni Sveinssyni er rétt að staðfesta skýrslu sína með eiði.

Föstudaginn 24. janúar 1947.

Nr. 135/1946. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Sturlaugi Friðrikssyni

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlöggjöf.

Dómur hæstaréttar.

Auk þeirra refsiakvæða, sem í héraðsdómi greinir, hefur ákærði gerzt sekur við 7. gr. 1. mgr. i. f. umferðarlaga nr. 24/1941. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skirskotun til forsendna hans, þó þannig, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Svo ber að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 450 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sturlaugur Friðriksson, sæti varðhaldi 45 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. janúar 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 30. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 3554/1945: Réttvísing og valdstjórnin gegn Sturlaugi Friðrikssyni, sem tekið var til dóms hinn 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sturlaugi Friðrikssyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Hálogalandsherbúðunum hér í bænum, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. nóvember 1915, og hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1942 $\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 30. gr. sbr. 2. mgr. 71. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1942 $2\frac{1}{2}\%$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald og svipting ökuskirteinis í þrjá mánuði fyrir ölvun við bifreiðaaakstur.

1942 $\frac{3}{8}$ Áminning fyrir meint brot á lögum nr. 13/1941.

1944 $\frac{8}{10}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1944 $\frac{6}{11}$ Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Hinn 25. sept. s. l. um klukkan 7 síðdegis varð umferðarslys á mótum Þingholtsstrætis og Amtmannsstígs hér í bænum. Rákust þar á fólkshífið B 9, sem ákærði stýrði og var einn í, og bifhjólíð R 1139, sem Flosi Þórarinsson útvarpsvirki, Seljavegi 25, fæddur 1923, stýrði og var einn á. Við áreksturinn kastaðist Flosi til jarðar og hlaut þau meiðsl, er leiddu hann til bana hinn 28. s. m.

Ákærði ók bifreiðinni norður Þingholtsstræti, en bifhjólinu var ekið vestur Amtmannsstíg. Eins og uppdráttur sá af slyssaðnum og umhverfi hans, sem fram hefur verið lagður, sýnir, standa húsinn við þessi gatnamót sunnan Amtmannsstígsins (Amtmannsstígur 6 og Þingholtsstræti 11) út að gangstéttum Þingholtsstrætis og út að Amtmannsstíg, sem er gangstéttarlaus, og eru því báðum megin Þingholtsstrætis, þegar komið er sunnan strætið, eins og ákærði kom í þetta sinn, svokölluð „blind“ horn við þessi gatnamót. Sést eigi til ferða þeirra, sem koma ofan eða neðan Amtmannsstíginn inn á gatnamótin, fyrr en komið er fast að stígnum eða inn á stígin.

Lögreglan skoðaði og reyndi bifreiðina B 9 strax eftir slysið, og reyndist hún vera í fyllsta standi, stjórntæki og hemlar í góðu lagi. Hemlar voru bæði á fram- og afturhjólum, og telur lögregluþjónninn, sem skoðaði bifreiðina, að stöðva hefði mátt bifreiðina í einu veffangi á venjulegum innanbæjarhraða á þurri götu. Þingholtsstrætið, sem ákærði ók eftir, var nýmalbikað og blautt vegna regns, sem verið hafði um daginn. Kemur það fram í rannsókn málsins bæði hjá ákærða og lögregluþjónum, að hemlar verki ver á malbikaðri götu blautri en þurri, og heldur lögregluþjónninn Friðrik Garðar Jónsson því fram, að á þessu sé mikill munur.

Við Skálholtsstíg 7 fór farþegi úr bifreið ákærða, og ók ákærði síðan norður Þingholtsstræti. Þegar bifreiðin var komin á ferð, eftir að farþeginn fór úr henni, leit ákærði á hraðamæli hennar, og stóð hann þá á 20 km, miðað við klukkustund, eða því sem næst, en þó ekki minna. Á þessum hraða, 20—25 km, miðað við klukkustund, kveðst ákærði hafa ekið, þar til hann sá til ferða Flosa. Til ferða hans sá ákærði ekki, fyrr en hann sá fyrir horn Þingholtsstrætis 11, þ. e. a. s. var kominn fast að gatnamótunum, og telur hann, að fjarlægðin milli bifreiðarinnar og Flosa hafi þá verið 5—6 metrar, og var hann þá að koma inn á gatnamótin fram undan bifreiðinni. Ákærði segir bifhjólinu hafa verið ekið nálægt miðri götu, en sökum þess, að hann sá ekki til ferða þess nema augabragð, getur hann ekki um það sagt, hve hratt því var ekið, en honum virtist það vera hemlað rétt fyrir áreksturinn. Um leið og ákærði sá bifhjólíð, hemlaði hann bifreiðina með fótthemlunum, svo sem unnt var, en tók ekki í handhemilinn. Telur hann, að hemlarnir hafi verkað strax og hann sté á þá og öll hjól bifreiðarinnar

hætt að snúast, en samt hafi bifreiðin runnið áfram, svo sem raun varð á, vegna þess hve sleipur vegurinn var. Það skipti nú engum togum, að framendi bifreiðarinnar lenti á vinstri hlið bifhjólsins. Virtist ákærða þó Flosi eigi koma við bifreiðina, en vinstra bifhjólshandfangið kom við vinstra ljósker bifreiðarinnar og braut glerið í því. Við þenna árekstur kastaðist bifhjólið og sá, er á því sat, undan bifreiðinni. Bifreiðin stöðvaðist, eftir því sem næst verður komizt, í norðurjaðri gatnamótanna, þannig að afturendi hennar stóð inni á Amtmannsstígnum, en framendinn á Þingholtsstræti. Ákærði flýtti sér að koma hinum slasaða manni til hjálpar, en hann lá meðvitundarlaus á bakinu á gangstéttinni, og sneri höfuðið að bifreiðinni. Ákærði lét manninn inn í bifreiðina með aðstoð Steingríms Jónssonar stud. med., Amtmannsstíg 6, sem kom að í þessum svifum, og ók ákærði síðan með hinn slasaða á Landsspítalann, og fylgdist Steingrimur með þangað.

Í því áreksturinn varð, sat Steingrimur inni í stofu í Amtmannsstíg 6. Hann heyrði, að bifreið var ekið eftir Þingholtsstræti. Síðan heyrði hann iskra í hemlum og glerjabrothljóð. Hann leit þá út um glugga og sá, að Flosi lá á horninu hjá Amtmannsstíg 5 og að ákærði var að taka hann upp. Fór Steingrimur þá út og aðstoðaði ákærða, svo sem áður segir. Þegar slysið varð, var drengurinn Ingólfur Helgi Jökulsson, 14 ára, að fara upp Amtmannsstíg neðan þingholtsstrætis. Hann sá Flosa koma á bifhjólinu niður stigin og virtist hann ekki fara hratt. Þegar Flosi var að koma á gatnamótin, heyrði hann hemlaskur í bifreið ákærða, sem í sama bili ók inn á gatnamótin og lenti á vinstri hlið bifhjólsins. Tveir drengir, Sigurður Gunnar Sigurðsson, 13 ára, og Högni Jónsson, 9 ára, stóðu á mótum Ingólfsstrætis og Amtmannsstígs og sáu, er bifhjólinu var ekið norður Ingólfsstræti og niður Amtmannsstíg. Þeim virtist því ekki vera ekið hratt, en hraðinn þó heldur vera aukinn, þegar það fór niður Amtmannsstigin. Þeir litu svo af bifhjólinu, en heyrðu þá skell og sáu þá, að bifhjólið og sá, er á því var, hentust frá bifreið upp á gangstéttarhornið við Þingholtsstræti og Amtmannsstíg.

Þeir tveir lögregluþjónar, sem komu á slysstaðinn mjög fljótlega, eftir að slysið varð, og athuguðu slysstaðinn með ákærða, sáu þar greinileg hemlaför eftir bifreiðina B 9, og reyndust þau vera 11 metra löng, og lágu glerbrot úr ljóskeri bifreiðarinnar við norðurenda vestra hemlafarsins.

Samkvæmt vottorði Landsspítalans var Flosi við komuna þangað „djúpt“ meðvitundarlaus. Mar og skrámur sáu á enni, svo og skrámur á nefi og hnám. Hann komst aldrei til meðvitundar, eftir að hann kom á deildina, enda hrakaði honum smámsaman, þar til hann andaðist þ. 2% kl. 12.10.

Við krufningu líkisins kom í ljós, að banameinið var brot höfuð-

kúpubotns og blæðingar á heila auk lungnabólgu. Er af þessu ljóst, að afleiðingar slyssins drógu Flosa heitinn til dauða.

Eins og mót ákærða og Flosa bar að á gatnamótunum, átti ákærði umferðarréttinn, sem kallað er, samkvæmt 7. gr. 1. mgr. umferðarlaganna og 31. gr. 3. mgr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og hafði því Flosa borið skylda til að bíða, meðan ákærði fór yfir gatnamótin. Með því að gæta ekki þessarar skyldu hefur Flosi orðið að verulegu leyti valdur slyssins.

Samkvæmt 26. gr. 5 mgr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur má eigi aka bifreið inn á gatnamót hraðar en svo að stöðva megi hana þegar í stað. Þessarar skyldu hefur ákærði eigi gætt og því gerzt brotlegur við nefndar greinar sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Enn fremur hefur ákærði með því að sýna ekki nauðsynlega aðgæzlu og varkárni í akstrinum gerzt brotlegur við 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Hinn ógætilegi hraði akstur ákærða inn á gatnamótin, bæði með tilliti til þess, hvornig þeim er háttað, og að hin nýmalbikaða gata var blaut og ákærða var kunnugt um, að það ástand hennar dró úr verkun hemlanna, varð meðorsök slyssins og dauða Flosa heitins, og þykir því ákærði hafa gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir verða að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sturlaugur Friðriksson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.